



Réttindagæslumaður fatlaðs fólks

Seltjarnarnes, 20. febrúar 2022

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um lögfestingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. þingskjal 34, 34. mál.

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks styður eindregið frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Það myndi, líkt og velferðarnefnd undirstrikaði í nefndarálti sínu við þingsályktun um lögfestingu samningsins í mars 2019, „styrkja stöðu fatlaðra einstaklinga og ábyrgð ríkisins við framkvæmd hans yrði skýrð enn betur“. Alþingi hefur þegar samþykkt, mótatkvæðalaust, þingsályktun um lögfestingu samningsins, hvar kom fram „mikil samstaða um mikilvægi þess að lögfesta samninginn“ og sú afstaða að lögfestingin myndi ekki draga úr þýðingu samningsins og réttaráhrifum hans þótt dráttur yrði á því að íslenska ríkið myndi að fullu efna skuldbindingar sínar samkvæmt honum; „öllu heldur tryggir lögfesting samningsins enn fremur að samræmis verði gætt við framtíðarlagasetningu“, eins og sagði í áltiti velferðarnefndar.¹ Réttindagæslumaður tekur undir þessi sjónarmið og sér ekkert því til fyrirstöðu að samningurinn verði lögfestur.

Réttindagæslumaður veltir hins vegar upp þeirri spurningu hvort þingmálið eigi ef til vill betur heima hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Því til undirstöðu má nefna:

- Þingmálið varðar lögfestingu á alþjóðalegum mannréttindasamningi þar sem byggt er á þeirri hugarfarsbreytingu og skilningi að réttindi fatlaðs fólks sé jafnréttis- og mannréttindamál en ekki velferðarmál. Hvert það sem les samninginn og fylgigögn hans ætti að vera það nokkuð ljóst að hugarfarsbreytingin er lykill að árangursríkri og skilvirkri innleiðingu markmiða hans og almennra skuldbindinga í íslenskt samfélag.
- Önnur þingmál sem varða innleiðingu skuldbindinga sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, svo sem lögfesting Barnasáttmálans og þingsályktun um mótun áætlunar um afnám ofbeldis gagnvart konum, hafa farið fyrir allsherjar- og menntamálanefnd. Á þeim tíma voru þó bæði málefni barna og jafnréttismál á könnu félagsmálaráðuneytisins og velferðarnefndar.
- Velferðarnefnd hefur þegar tekið fyrir efni þingmálsins, þ.e. lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Nefndin gaf út álit þann 6. maí 2019 um að þingsályktun um lögfestingu samningsins, hvar flutningsmenn tillögunnar sátu í öllum flokkum á þingi, skyldi samþykkt og lagði til þá einu breytingu að hann skyldi lögfestur eigi síðar en 13. desember 2020, með þeim fyrirætlum „að ráðuneytin forgangsraði í þágu þess að vinna frumvörp sem

¹ <https://www.althingi.is/altext/149/s/1484.html>

mæla fyrir um þau réttindi sem samningnum er ætlað að tryggja.“ Nefndin væntanlega lauk þá athugun sinni á lögfestingunni með álitinu og skýrði frá afstöðu sinni þar.

Að gefnu tilliti til þess að þingsályktunin um lögfestingu samningsins, að gerðri breytingu í samræmi við álit og fyriræli velferðarnefndar um tímamörk frá 6. mars 2019, hefur þegar verið samþykkt samhljóða á Alþingi þann 3. júní 2019², kunna rök ennfremur að hníga til þess að það falli undir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að kanna verklag ráðherra til að framfylgja vilja þingsins og fyriræli velferðarnefndar á grundvelli þess eftirlitshlutverks sem Alþingi hefur gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í því samhengi er vert að benda á að innleiðing samningsins hefur verið verkefni stjórnarráðsins frá því í febrúar 2008, þegar Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, skipaði fyrst nefnd sem skyldi kanna hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylltu kröfur samningsins³. Ennfremur er nú komið á sjötta ár frá því að samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu⁴ og ekki hefur enn orðið við ýmsum skuldbindingum samningsins, til að mynda varðandi þau kerfi til framkvæmdar og eftirlits sem tiltekin eru í 33. grein hans. Sem borgarar þessa lands, jafnréttsháir og jafnir til virðingar eins og segir í samningnum, á fatlað fólk rétt til þess að vera upplýst um skýringar á því hvers vegna dregist hafi svo úr hömlu að afgreiða þessi mál, auk þess sem það á að geta með aðgengilegum og gagnsæjum hætti nálgast upplýsingar um stöðu innleiðingarinnar og aðgerðir stjórnvalda til að fylgja eftir markmiðum hans.

Réttindagæslumaður telur auk þess rétt að undirstrika að bið eftir endurgjöf nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á skýrslu íslenskra stjórnvalda um stöðu innleiðingarinnar getur ekki talist réttmætt ástæða á töfum fyrir lögfestingu samningsins. Í fyrsta lagi er innleiðingin lifandi ferli sem byggist á reglubundnu stöðumati, endurgjöf og þróun fötlunarjafnréttisstarfs þar sem stjórnvöld munu óhjákvæmilega fá athugasemdir og tilmæli í ljósi vaxandi þekkingar og breyttra áherslna innan alþjóðlegrar stefnumótunar. Af fenginni reynslu, frá til dæmis Norðurlöndunum sem hafa sætt töluverðum ámælum fyrir athafnaleysi og ófullnægjandi aðgerðir við innleiðingu samningsins, er fullvíst að íslensk stjórnvöld munu fá athugasemdir og tilmæli um aðgerðir til að taka misréttinu og mismununinni. Til þess er eftirlitið. Í annan stað, hefur verið gefinn út fjöldi leiðbeininga, skýringargagna og upplýsinga um þau skilyrði eða breytur (e. indicators) sem stuðst er við í mati á innleiðingunni og alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafa haldið uppi margskonar upplýsingamiðlun og fræðslu fyrir stefnumótendur (e. policy makers), löggjafa (e. legislators) og sérfræðinga (e. experts) í því skyni að gera innleiðinguna sem árangursríkasta úr garði. Hluti athafnaskyldu stjórnvalda felst í því að byggja upp alþjóðlegt samstarf á sviði fötlunarjafnréttis, sækja téðar upplýsingar, leiða þær inn, efla þekkingu á samningnum og fötlunarjafnrétti innan stjórnsýslunnar, styrkja kortlagningu og upplýsingaöflun á stöðunni innanlands og stuðla þannig að vandaðri stefnumótun, eða innleiðingu, sem gengur að lágmarki í takt við alþjóðlega stefnumótun. Nokkur dæmi um þessar leiðbeiningar munu koma fram hér að neðan, en í raun er um töluverðan hafsjó upplýsinga að ræða og margt af því hefur verið til staðar í meira en áratug. Má í því efni til dæmis nefna *Monitoring the Implementation of the UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities in Europe: Principles for the Identification and Use of Indicators*, unnu af af fólki sem var leiðandi við gerð samningsins, fyrir the Academic Network of European Disability Experts árið 2009.⁵

² <https://www.althingi.is/altext/149/s/1690.html>

³ <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/utgafa2010/nefnd-um-samning-um-fatlada12032010.pdf>

⁴ <https://www.althingi.is/altext/145/s/1693.html>

⁵ <https://www.disability-europe.net/downloads/49-aned-2008-task-5-monitoring-un-convention-report-final-version>

Í viðhengi er stiklað á stóru um sögu samningsins hjá löggjafanum frá því að hann var undirritaður af Íslands hálfu þann 30. mars 2007.

Hver fer með ábyrgð með innleiðingu og framkvæmd samningsins, skv. grein 33(1)

Á vef stjórnarráðsins má finna eftirfarandi upplýsingar um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks⁶.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006. Ísland undirritaði samninginn 30. mars 2007 og var hann fullgiltur 23. september 2016...

...Með fullgildingu skuldbindur Ísland sig gagnvart öðrum aðildarríkjum til að uppfylla þær skyldur og tryggja þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum. Oft þarf aðkomu Alþingis til að hægt sé að fullgilda alþjóðsamninga...

... Eftirlit með samningnum er í höndum nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en hlutverk hennar er að fylgjast með framkvæmd samningsins, auk þess sem hún gefur út almenn álit sem lúta oftast að einstökum ákvæðum samningsins og túlkun þeirra.

Á síðunni er hins vegar engra frekari upplýsinga að finna um vinnu stjórnvalda við innleiðingu og framkvæmd samningsins eða hver beri ábyrgð á henni. Við fullgildinguna, sem þingið samþykkti fyrir rúmum fimm árum, undirgengust íslensk stjórnvöld athafnaskyldu til að hrinda samningnum í framkvæmd. Því fylgir, til að mynda, skýrslugjöf til erlendra eftirlitsaðila um framkvæmdina, en einnig innleiðing á þeim kerfum, sem kveðið er á um 33. gr. samningsins, um framkvæmd og eftirlit innan lands.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórnarsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórnarsýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.
2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á innviðum, þar á meðal einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að styrkja, vernda og hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa. Aðildarríkin skulu, þegar þau tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi þjóðbundinna mannréttindastofnana.
3. Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem koma fram fyrir þess hönd, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.

Ákvæði 33. greinarinnar felur í sér nýmæli í alþjóðlegum mannréttindasamningi þar sem kveðið er á um hvernig stjórnarsýslulegri framkvæmd og eftirliti með þeim mannréttindum sem samningnum er ætlað að tryggja skuli vera háttað. Það má rekja til þess að í flestum ríkjum skortir á heildstæða nálgun í fötlunarjafnréttismálum. Algengt er að ábyrgðinni sé dreift milli opinberra stofnana og oft í höndum ráðuneyta heilbrigðis- eða félagsmála. Það getur leitt til þess að einungis sé horft á einangraða þætti í lífi fatlaðs fólks sem varðar lögbinda þjónustu og aðstoð, svokölluð velferðarnálgun. Þegar það er gert

⁶ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althiodlegir-mannrettindasamningar/rettindi-fatlads-folks/>

er hætta á stjórnvöld missi yfirsýn yfir stöðu fatlaðs fólks samfélaginu, það verði smættað niður sem viðföng velferðar í stað jafnra borgara í samfélaginu, og litið sé framhjá þeim mannréttindasjónarmiðum sem þurfa að vera ríkjandi í allri stefnumótun hvað varðar fötlunarjafnrétti og afnám mismununar og aðgreiningar.

Mörgu hefur orðið rætt um það kerfi sem tiltekið er í 2.tl. greinarinnar, kennt við sjálfstæða mannréttindastofnun, og tafir sem hafa orðið á því að það komist á laggirnar. En það vekur ekki síður áhyggjur óútskýrðu tafirnar á því að komið sé á annars vegar einingu(m), tengilið(um) og/eða samhæfingaraðila, innan framkvæmdavaldsis til að tryggja markvissa og skilvirka innleiðingu samningsins og greiða fyrir nauðsynlegum aðgerðum í því skyni, í samræmi við 1. tl. 33. gr..

States Parties, in accordance with their system of organization, shall designate one or more focal points within government for matters relating to the implementation of the present Convention, and shall give due consideration to the establishment or designation of a coordination mechanism within government to facilitate related action in different sectors and at different levels

Eða samkvæmt íslenskri þýðingu:

Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórnarsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórnarsýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.

1. tl. 33. gr. fjallar um innleiðingu (e. implementation) samningsins þar sem talað er um miðstöð eða einingu innan stjórnarsýslunnar (e. focal points) sem hefur með höndum samþættingu fötlunarsjónarmiða við alla almenna stefnumótun og löggjöf á öllum stjórnarsýslustigum og sviðum (e. coordination mechanism). Fyrir tveimur árum síðan gaf Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna (e. Office of the High Commissioner for Human Rights, **OHCHR**), í samvinnu við Evrópusambandið, út mælaborð til mats og leiðbeiningar ríkjum við innleiðingu samningsins og heimsmarkmiðanna að teknu tilliti til réttinda fatlaðs fólks, sem ber heitið *The Human Rights Indicators on the Convention on the Rights of Persons with Disabilities*.⁷ Til skýringar um hvaða formgerðir þurfi til við innleiðingu 33. greinarinnar segir mælaborðið svo um 1. tl.;

Legal and/or statutory appointment of one or more focal points within government (across all branches and levels of government, ministries, and sectors) with sufficient authority to mainstream the rights of persons with disabilities for implementation of the Convention.

With a view to enhancing national implementation, legal and/or statutory appointment of a coordination mechanism within government to facilitate related action across different sectors and levels, with a clear structure, mandate, leadership, and sufficient authority to ensure mainstreaming and implementation of the Convention .

Adoption of regulations and/or protocols addressed to public sector staff on the functioning of, and engagement and collaboration with focal points and coordination mechanisms.

⁷ <https://www.ohchr.org/EN/Issues/Disability/Pages/SDG-CRPDindicators.aspx#:~:text=Human%20rights%20indicators%20on%20the%20CRPD%20are%20key%20to%20facilitating,facilitating%20assessment%20of%20this%20progress.>

Adoption of regulations and/or protocols addressed to civil society organizations, notably organizations of persons with disabilities, on the functioning of, and engagement with focal points and coordination mechanisms.

Legal and/or statutory requirement to adopt a marker on public spending aimed at ensuring the activity of the focal point(s) and coordination mechanism(s) related to CRPD implementation.

Samskonar leiðbeiningar og athugasemdir um ábyrgð stjórnvalda varðandi stjórnsýslu og samræmingu réttinda fatlaðs fólks voru settar fram í mars 2013 í skýrslu þáverandi velferðarráðherra til Alþingis um réttindagæslu fatlaðs fólks⁸, hvar vitnað var í aðra skýrslu Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna frá 2009, *Thematic study by the OHCHR on the structure and role of national mechanisms for the implementation and monitoring of the CRPD*⁹.

Í skýrslu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna kemur fram að það sé forsenda innleiðingar SRF í landsrétt að ákvæði 1. mgr. 33. gr. samningsins um miðstöð innan stjórnsýslunnar (e. focal point) séu uppfyllt. Hann bendir á að þetta geti verið á herðum einnar eða fleiri miðstöðva eða eininga innan stjórnsýslunnar. Hlutverk slíkra miðstöðva er að fjalla um mannréttindi fatlaðs fólks og gæta þess að réttindi fatlaðs fólks samkvæmt SRF séu virt. Slík miðstöð verði að njóta trúverðugleika (e. credibility) og hafa nauðsynlegar valdheimildir.

Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna hefur mælt með því að slíkar miðstöðvar séu innan hvers ráðuneytis auk einnar yfirstofnunar sem heldur utan starfið og að yfirstofnunin sé staðsett hjá því ráðuneyti sem ber ábyrgð á innleiðingu samningsins og eftirfylgni. Hlutverk slíkrar yfirstofnunar væri að knýja á um samþættingu mannréttinda fatlaðs fólks í allri stefnumótun stjórnvalda og vera þannig stjórnsýslulegt verkfæri til innleiðingar og eftirfylgni samninga. Verkefni miðstöðva innan ráðuneytanna eigi meðal annars að snúa að því að auka vitund innan hvers ráðuneytis um þau réttindi sem felast í SRF, taka þátt í mótun framkvæmdaáætlunar um mannréttindi fatlaðs fólks og fylgjast með og gefa skýrslur um framkvæmd samningsins á málefnasviðum viðkomandi ráðuneytis. Hlutverk slíkra miðstöðva er einnig að ráðleggja stjórnvöldum í málefnum sem varða innleiðingu og eftirfylgni samningsins og vitundarvakningu um þau réttindi sem í honum felast. Þær skulu jafnframt hafa samstarf við almenning og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Yfirstofnuninni er ætlað svara þörfinni fyrir yfirsýn og fræðslu og hefur mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna sérstaklega bent á að slík yfirstofnun þurfi að horfa á fötlun út frá sjónarhorni mannréttinda og því geti verið óheppilegt að henni sé komið fyrir hjá ráðuneytum sem fara með heilbrigðismál eða sérkennslu. Í flestum ríkjum er slíka stofnun að finna hjá ráðuneytum félags- og atvinnumála en mannréttindafulltrúinn hefur hvatt þau ríki til að endurskoða það fyrirkomulag og huga að því hvort ekki sé hægt að vista stofnunina hjá ráðuneytum dómsmála og mannréttinda. Þá hefur mannréttindafulltrúinn bent á að helstu hindranir í virkni slíkra miðstöðva séu óskýrar lagaheimildir, skortur á fé og mannafla og takmörkuð þátttaka fatlaðs fólks

⁸ <https://www.althingi.is/altext/141/s/pdf/1229.pdf>

⁹ <https://www.ohchr.org/EN/Issues/Disability/Pages/ReportNationalMechanisms.aspx>

Til frekari hliðsjónar um skyldur stjórnvalda í þessu efni verður að horfa til almennra skuldbindinga til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar, skv. 1. mgr. 4. greinar samningsins.

- a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,
- b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,
- c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,
- d) að aðhafast ekkert það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,

Að ofangreindu, og í ljósi áðurgreindra tafa á því að framfylgja vilja og fyrirmælum þingsins vegna þingsályktunar um lögfestingu samningsins, er áriðandi að svör fáist við því hver, í eintölu eða fleirtölu, fer með ábyrgð á innleiðingu hans inn í íslenskt samfélag innan stjórnarráðsins? Hver er(u) ofangreind(ur) „focal points“ og „coordination mechanism“ í samræmi við grein 33(1)? Hvaða markvissa, skipulagða og skilvirka vinna hefur átt sér stað í þessu efni innan stjórnarráðsins frá því að fyrsti starfshópurinn um innleiðingu samningsins var stofnaður af þáverandi félagsmálaráðherra fyrir fjórtán árum síðan, og kannski enn frekar frá því að samningurinn var fullgiltur í september 2016 og stjórnvöld samþykktu athafnaskyldu í þessu efni? Viðvarandi athafnaleyfi getur með tímanum leitt til þess að aðilar reyni á það fyrir dómstólum telji þeir sig hafa beðið skertan hag, óvilhalla meðferð eða tjóns sökum þess að ekki hafi verið hægt beita samningnum með beinum hætti í máli þeirra eða þeir hafi ekki notið fullnægjandi verndar gegn mismunun á grundvelli fötlunar í samræmi við samninginn.

Stuðningur við inngildinguna fatlaðs fólks og framgangi þess í stjórnsýslu við innleiðingu, framkvæmd og eftirlit samningsins

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks bendir á að með undirritun samningsins að Íslands hálfu, vorið 2007, hétu stjórnvöld að styðja við fötlunarjafnrétti og framgangi fatlaðs fólks í samfélaginu. Til undirstöðu eru sömu gildi og liggja til grundvallar stefnu, markmiðum og aðgerðum um kynjajafnrétti. Sem leiðandi þjóð í kynjajafnréttismálum ættu stjórnvöld að þekkja þau sjónarmið og fræði sem búa þar undir, en af einhverjum ástæðum virðist sem hægar gangi að heimfæra sambærileg markmið og aðgerðir yfir á fötlunarjafnrétti og vinna að auknum áhrifum fatlaðs fólks í samfélaginu. Í almennum skuldbindingum til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar, skv. 3. tl 4. grein samningsins, segir að það beri tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks við þróun stefnu, löggjafar og áætlana um aðgerðir við innleiðingu samningsins, sem og við annað ákvörðunartökuferli.

In the development and implementation of legislation and policies to implement the present Convention, and in other decision-making processes concerning issues relating to persons with disabilities, States Parties shall closely consult with and actively involve persons with disabilities, including children with disabilities, through their representative organizations.

Í íslenskri þýðingu:

Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufærli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Um reistar formgerðir sem stuðst er við í mati á innleiðingu 3. tl. 33. gr. segir mælaborð Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna¹⁰:

Legal or regulatory provision(s) which establish inclusive and accessible procedures and mechanisms for the involvement of persons with disabilities, including children with disabilities, and their representative organizations, across all disability constituencies, in monitoring the implementation of the Convention.

Legal provision(s) requiring allocation of funds from the national budget to financially support the strengthening of organizations of persons with disabilities to participate in monitoring of CRPD implementation.

Hér kynna að vera freistandi að líta á hefðbundið samráð við Öryrkjabandalagið og Landsamtakanna Þroskahjálp eða á samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks skv. 36. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem framfylgd við ákvæðið. Það sem býr hér að baki felur aftur á móti í sér meiri skuldbindingu, eða stuðning við þann málstað, að vinna með markvissum og skipulögðum hætti að fötlunarjafnrétti, valdelfingu fatlaðs fólks, framgangi þess í íslensku samfélagi og virkri þátttöku við að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald innleiðingu samningsins. Nærtækar er að líta til sambærilegra aðgerða, sem íslensk stjórnvöld eru, eins og áður segir, almennt talin leiðandi á alþjóðavísu varðandi kynjajafnrétti og afnáms allrar mismununar gagnvart konum. Þar hefur mótast þekking um stjórnsýslulega umgjörð og stuðning við borgaralegt samfélag (e. civil society) til framgangs kynjajafnréttis sem hægt er að líta til og styðjast við. Kvenréttindafélagið er t.a.m. með samstarfssamningi við stjórnvöld um ráðgjöf, fræðslu, námskeiðahald og upplýsingagjöf um jafnrétti kynja á innlendum og erlendum vettvangi og tilgangur Jafnréttissjóðs Íslands er að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að stuðla að jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu.

Frekari skýringar á inntaki greina 4(3) og 33(3) og tilmælum varðandi innleiðingu þeirra má finna í almennri athugasemd nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um þessar tilteknu tvær greinar samningsins.¹¹

Sjálfstætt eftirlitskerfi

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks telur rétt að leiðrétta sögn, sem borið hefur á í umræðunni, þess efnis að sjálfstæð mannréttindastofnun sé forsenda yfir lögfestingu samningsins samkvæmt 2. tl. 33. gr. hans. Hún hljóðar svo:

States Parties shall, in accordance with their legal and administrative systems, maintain, strengthen, designate or establish within the State Party, a framework, including one or

¹⁰ <https://www.ohchr.org/EN/Issues/Disability/Pages/SDG-CRPDindicators.aspx#:~:text=Human%20rights%20indicators%20on%20the%20CRPD%20are%20key%20to%20facilitating,facilitating%20assessment%20of%20this%20progress.>

¹¹

<https://docstore.ohchr.org/SelfServices/FilesHandler.ashx?enc=6QkG1d%2fPPRiCAqhKb7yhnsbHatvuFkZ%2bt93Y3D%2baa2pjFYzWLBu0vA%2bBr7QovZhbuyqzjDN0plweYl46WXrJJ6aB3Mx4y%2fspT%2bQrY5K2mKse5zjo%2bfvBDVu%2b42R9iK1p>

more independent mechanisms, as appropriate, to promote, protect and monitor implementation of the present Convention. When designating or establishing such a mechanism, States Parties shall take into account the principles relating to the status and functioning of national institutions for protection and promotion of human rights.

Í íslenskri þýðingu:

Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á innviðum, þar á meðal einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að styrkja, vernda og hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa. Aðildarríkin skulu, þegar þau tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi þjóðbundinna mannréttindastofnana.

Síðasta setning greinarinnar snýr að svokölluðum Parísar-viðmiðum sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti árið 1993. Viðmiðin kveða vissulega á um sjálfstæða mannréttindastofnun í hverju landi (national institution), óháða stjórnvöldum, sem hafi það hlutverk að vinna að eflingu og vernd mannréttinda, veita framkvæmdarvaldinu, löggjafarvaldinu og öðrum aðilum ráðgjöf um mannréttindamál, vinna að virkri framkvæmd mannréttinasáttmála og samræma innlenda réttarframkvæmdar við þá. En það er ekki stofnunin sjálf sem skiptir höfuðmáli varðandi innleiðingu samningsins heldur, eins og segir í greininni, að komið verði á eftirliti með framkvæmd samningsins, þ.e. réttindum fatlaðs fólks, sem uppfylli sömu viðmið og eiga við um slíkar sjálfstæðar mannréttindastofnanir (sbr. „**taki mið** af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi þjóðbundinna mannréttindastofnanna). Ákvæðið snýst aðeins um að tryggja skilvirkt sjálfstætt eftirlitskerfi (e. monitoring framework) með framkvæmd samnings, óháð því hvort það taki fyrir þennan eina samning eða fleiri, sbr. eftirfarandi úr áður nefndri skýrslu Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, *Thematic study by the OHCHR on the structure and role of national mechanisms for the implementation and monitoring of the CRPD*.¹²

Article 33 does not prescribe a unique organizational form for the national monitoring framework and States parties are free to determine the appropriate structure according to their political and organizational context. Options can range from the attribution of the monitoring function to a single entity, i.e. one independent mechanism; a framework consisting of more than one independent mechanism; or a framework consisting of various entities, amongst which one or more independent mechanisms are included.

Árið 2015 fullgilti Ísland valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT) eða lög nr. 19/1996. Þar var sömuleiðis teknar á sig þjóðréttarlegar skuldbindingar um óháðan eftirlitsaðila (nefndur innlendur forvarnaraðili) og sérstaklega vísað til Parísar-viðmiðanna í því efni (19. gr.). Bókunin var fullgilt án þess að fyrir lægi hver ætti að sinna þessu eftirliti eða að búið væri að koma á laggirnar sjálfstæðri mannréttindastofnun. Að lokum var gerð sú ráðstöfun að fella eftirlitið undir hlutverk Umboðsmanns Alþingis.

Það er því ekki rétt að sjálfstæð mannréttindastofnun sé forsenda fyrir lögfestingu samningsins og í raun til staðar fordæmi fyrir því að valfrjálsa bókun, á lögfestum samningi, með sambærilegum skuldbindingum um innlendan eftirlitsaðila, hafi verið fullgilt án þess að búið væri að setja sjálfstæða mannréttindastofnun á laggirnar. En síður geta tafir á því að stofnuninni sé hrint í framkvæmd komið til hindrunar á því að vilja þingsins og fyrirmæli velferðarnefndar sé framfylgt í samræmi við þingræðisreglu, þegar það er einnig hægt að horfa til þess að gera breytingar á og efla innviði sem eru

¹² <https://www.ohchr.org/EN/Issues/Disability/Pages/ReportNationalMechanisms.aspx>

nú þegar til staðar – á einum eða fleiri stofnunum – til að sinna hlutverkunum þremur sem kveðið er á um í ákvæðinu, tímabundið eða til langframa.

Parísar-viðmiðin byggja á tveimur meginreglum; sjálfstæði frá stjórnvöldum (independence) og að stoðir stofnunarinnar séu reistar á hlutdeild fjölbreyttra aðila í samfélaginu, s.n. fjölræði (pluralism). Hið fyrra segir sig nokkurn vegin sjálft – eftirlit með framkvæmd mannréttinda þarf að vera sem mest óháð þeim sem ber ábyrgð á framkvæmdinni og það þarf að vera gert skilvirkt með traustum innviðum, aðgengileika og fullnægjandi fjárveitingu til að sinna verkefnum sínum í samræmi við kröfur. Hvað varðar seinna atriðið er nauðsynlegt að ákveða hvaða aðilar geti talist nauðsynlegar undirstöður og félagslegt hreyfiafl til að styrkja og vernda réttindi fatlaðs fólks og tryggja virka þátttöku þess í eftirliti með framkvæmd samningsins. Í flestum tilvikum eru það hreyfingar fatlaðs fólks – DPO – og fatlað fólk sjálft. Að gefnu tilliti til réttinda fatlaðs fólks, sem og fordæma annars staðar frá, má velta fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að stofnunin sækji einnig stoð til háskólasamfélagsins, félags- og þroskaráðgjafa og fatlaðra fulltrúa innan löggjafans, framkvæmdavaldsins og dómsvaldsins sem dæmi.

Frekari lýsingu á skilyrðum eftirlitskerfisins í grein 33(2) má finna í skýrslu velferðarráðherra til Alþingis um réttindagæslu frá árinu 2013¹³. Þar segir m.a.:

Eins og fyrr greinir telur mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna nauðsynlegt að líta til Parísarreglnanna við undirbúning sjálfstæðrar einingar til að greiða fyrir vernda og fylgjast með framkvæmd SRF. Í þeim er að finna fjóra meginþætti sem gilda eiga um óháð eftirlit með mannréttindum:

1. Valdsvið og ábyrgð: Mannréttindastofnanir sem meðal annars er ætlað að sinna hlutverki 33. gr. SRF ættu að fá sem viðtækast valdsvið sem afmarkað sé með skýrum hætti í lögum eða stjórnarskrá. Á meðal þeirra verkefna sem slík stofnun á að sinna eru; skýrslugjöf til stjórnvalda um málefni sem varða mannréttindi, samræming á öllum lögum, reglum og stjórnsluframkvæmd við alþjóðleg mannréttindaviðmið (e. human rights standards), hvatning til fullgildingar á alþjóðlegum mannréttinda-samningum, upplýsingar í skýrslur aðildarríkis til eftirlitsstofnana Sameinuðu þjóðanna og svæðastofnana, samstarf við Sameinuðu þjóðirnar, aðrar svæðastofnanir og stofnanir annarra landa sem starfa að eflingu og vernd mannréttinda, aðstoð við mótun mannréttindakennslu og upplýsingar og fræðsla fyrir almenning um mannréttindamál.

2. Samsetning, sjálfstæði og fjölræði: Sjálfstæði stofnunarinnar skal tryggt með eftirfarandi aðferðum: a) Samsetningu sem byggir á fjölræði þar sem þess er gætt að fulltrúar ólíkra aðila komi að starfinu, b) nauðsynlegu fjármagni til þess að stofnunin geti ráðið það starfsfólk sem þarf og haft viðunandi starfsaðstöðu, fjárframlög séu tryggð á fjárlögum svo stjórnvöld á hverjum tíma geti ekki vegið að fjárhagslegu sjálfstæði stofnunarinnar og c) kveðið verði á um skipun hennar í lögum.

3. Starfsaðferðir: Samkvæmt Parísarreglunum þarf mannréttindastofnun að hafa frelsi til að skoða allar fyrirspurnir sem til hennar er beint og falla undir valdsvið hennar, sama frá hverjum þær koma. Þá þarf slík stofnun að eiga náð samráð við aðrar stofnanir sem eru ábyrgar fyrir mannréttindamálum og við frjáls félagasamtök.

4. Stofnanir með úrskurðarvald: Parísarreglurnar fjalla einnig um form og hlutverk stofnana sem hafa með höndum meðferð kærumála einstaklinga. Um skipulag þeirra gilda sömu meginreglur en að auki segir að einstaklingum eða fulltrúum þeirra skuli gert kleift

¹³ <https://www.althingi.is/alttext/141/s/pdf/1229.pdf>

að kæra mannréttindabrot til stofnunarinnar. Hún skuli fjalla um kæruefnið og leitast við að ná fram sáttum, gefa út bindandi úrskurði, fræða kæranda um réttindi sín, einkum hvaða úrræði standi honum til boða, ásamt því að aðstoða viðkomandi við að sækja mál sitt.

Sveigjanleiki greinar 33(2) bíður upp á marga möguleika við mótun eftirlitsins. Á Spáni sinnir til að mynda nefnd (*Comité Español de Representantes de Personas con Discapacidad*) á vegum CERMI, heildarsamtaka fatlaðs fólks þar í landi, bróðurparti eftirlitsins ásamt umboðsmanni almennings (*Defensor del Pueblo*). Í Þýskalandi er eftirlitið alfarið í höndum sjálfstæðrar mannréttindastofnunar (*Deutsches Institut für Menschenrechte*), á meðan það skiptist á milli þriggja stofnanna í Finnlandi; Mannréttindaskrifstofu (*Ihmisoikeuskeskus*), Mannréttindanefndar fatlaðs fólks (*Ihmisoikeusvaltuuskunta*) og umboðsmanns þingsins (*Eduskunnan oikeusasiamies*). Í Austurríki voru stofnaðar tvær sérstakar nefndir í þessum eina tilgangi; annars vegar eftirlitsnefnd með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (*Monitoringausschuss*) og hins vegar nefnd til stuðnings starfi eftirlitsnefndarinnar (*Verein zur Unterstützung des Monitoringausschusses*), auk þess sem hvert fylki hefur sitt eigið eftirlitskerfi. Og líkt og greina má eflaust af þessum dæmum þá er sjálfstæð mannréttindastofnun ekki skilyrði samkvæmt 33(2). grein samningsins. Samantekt á eftirlitskerfum evrópusambandsríkja má að öðru leyti finna hjá European Union Agency for Fundamental Rights (FRA).¹⁴

Réttindagæslumaður áréttar að lokum eindreginn stuðning sinn við frumvarpið og er tilbúinn að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem koma fram í umsögninni fyrir nefndinni, eða öðrum, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Smith

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks
Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi
postur@rettindagaesla.is
Sími: 554 8100

¹⁴ https://fra.europa.eu/sites/default/files/fra_uploads/structures-for-implementation-and-monitoring-of-crpd_en.pdf

Viðauki

Efni: Ágrip yfir meðferð samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá undirritun hans til og með 151. löggjafarþings að gefnu tilliti til þingskjala (feitletrun ágripshöfundar).

30. mars 2007 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er undirritaður af Íslands hálfu.

17. október 2007 Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri græn, beinir eftirfarandi fyrirspurn til félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttir; „Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Alþingi lögfesti sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006?“

<https://www.althingi.is/altext/135/s/0133.html>.

7. nóvember 2007 Félagsmálaáðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, svarar fyrirspurninni, þingmanns Vinstri Græn, Árna Þórs Sigurðssonar, um lögfestingu samningsins með þessum orðum:

„Ég legg mikla áherslu á að við hröðum yfirferð á lögnum með þeim ráðuneytum sem þurfa að koma að málinu. Ég held að það sé nokkur trygging fyrir því að vel verði haldið á spöðunum að hv. þm. Helgi Hjörvar er í forustu fyrir því nefndarstarfi. Hann er mikill áhugamaður um að við fullgildum þennan sáttmála. Við fljótlegan samanburð á þessum réttindasamningi við íslenska löggjöf teljum við að lagaákvæði okkar séu ekki beinlínis andstæð samningnum en kannski þurfi eitthvað að hnykkja á og skýra betur rétt fatlaðra. Ég á því ekki von á að þetta taki langan tíma. Ég vil minna á að við undirrituðum þennan samning í mars á þessu ári og erum þegar farin að fikra okkur að því að hægt sé að fullgilda hann. **Ég tel að það sé metnaðarfullt markmið, sem ég setti fram, að stefna að því að við verðum meðal 20 fyrstu þjóða sem fullgildum þennan samning.**“

Árni svarar:

„Ég fagna líka yfirlýsingu ráðherrans um að hún útiloki ekki lögfestingu sáttmálans. Það er rétt, sem kemur fram í svari ráðherrans, að það er ekki almenna reglan, ef svo má segja, að lögfesta sáttmála af þessum toga. Ég held hins vegar að það sé umhugsunarefni fyrir okkur hvort ekki sé tilefni til að gera það í meira mæli en við höfum gert til þessa þannig að þau réttindi og þau efnislegu atriði sem tekið er á í alþjóðlegum sáttmálum fái skýra lagastoð í íslenskrí löggjöf. Það á ekki síst við í málum sem varða mannréttindi eins og sá sáttmáli sem hér er til umræðu vissulega gerir. Hér er verið að ræða um rétt og mannréttindi fatlaðs fólks. Ég held það sé ákaflega þýðingarmikið að mjög skilmerkilega sé kveðið á um þau í löggjöf.“

<https://www.althingi.is/altext/135/11/l07150620.sgml>

- Febrúar 2008 Félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir skipar nefnd um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks undir formennsku Helga Hjörvar.
12. janúar 2010 Nefnd um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks skilar ráðherra niðurstöðum sínum og tillögum. (<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/utgafa2010/nefnd-um-samning-um-fatlada12032010.pdf>)
17. október 2010 Alþingi samþykkir lög um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, nr. 152/2010. Meðal bráðabirðarákvæða (XIII) er eftirfarandi:
- „Ráðherra skal eigi síðar en 1. október 2011 leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Þar skal setja fram stefnu í málefnum fatlaðs fólks, skýra forgangsröðun verkefna, markvissa aðgerðaáætlun og skilgreinda árangursmælikvarða. **Tímasettar verði m.a. aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu.“
- (<https://www.althingi.is/altext/stjt/2010.152.html>)
7. febrúar 2011 Velferðaráðherra, Guðbrandur Hannesson, svara fyrirspurnum Steinnar Þóru Árnadóttur, þingkonu Vinstri græn, um innleiðingu og fullgildingu samningsins:
2. *Hvernig miðar endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til innleiðingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?*
- Í byrjun árs 2008 skipaði þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra nefnd sem skyldi kanna hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylltu kröfur sem lagðar eru á þau ríki sem fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og var undirritaður að hálfu Íslands 30. mars 2007. Nefndin skilaði álit í byrjun árs 2010 og lagði þá fram tillögur í 13 liðum sem tryggt gætu að íslensk lög og reglugerðir uppfylltu kröfur samningsins. Tillögur nefndarinnar hafa verið til umfjöllunar í ráðuneytinu en jafnframt hefur formlega og óformlega verið leitað eftir athugasemdum hjá hagsmunaaðilum og öðrum þeim sem láta sig málið varða. Á grundvelli tillagna nefndarinnar og þeirra athugasemda sem hafa borist hefur ráðuneytið haft málið til skoðunar og á árinu verður fullgildingin undirbúin. Ekki er ennþá ljóst hvenær þeirri vinnu lýkur.
3. *Hvenær hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks?*
- Í lögunum nr. 152/2010 er kveðið svo á um að velferðaráðherra skuli fyrir 1. október 2011 leggja fram tillögu til þingsályktunar þar sem meðal annars verða tímasettar aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. **Velferðaráðuneytið gerir ráð fyrir því að nákvæm tímasetning lögfestingar liggi fyrir eigi síðar en 1. október næstkomandi.**

<https://www.althingi.is/altext/139/s/0866.html>

10. júní 2011

Félagsmálaráðherra, Guðbrandur Hannesson, svara fyrirspurn þingkonu sjálfstæðisflokks, Þorgerði K. Gunnardóttur, um hvað sé verið að vinna að eftir tilfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaganna. Ráðherra svara m.a.:

„Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að unnið verði að því að undirbúa fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sú vinna er hafin í ráðuneytinu og hefur einnig verið óskað eftir þátttöku fjögurra annarra ráðuneyta í þessu verkefni, þ.e. forsætis-, innanríkis-, mennta- og menningarmála- og umhverfisráðuneytis.“

<https://www.althingi.is/altext/139/s/1736.html>

11. júní 2012

Alþingi samþykkir þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Liður F.1 er framkvæmd um skipan samstarfsnefndar ráðuneyta til að undirbúa fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hlutverk hennar er að yfirfara löggjöf á sínu málefnasviði og leggja til breytingar til samræmis við samninginn. **Áætlað er að frumvarp verði lagt fram á löggjafarþingi 2012–2013.**

<https://www.althingi.is/altext/140/s/1496.html>

18. desember 2012

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, svara fyrirspurn þingkonu framsóknarflokksins, Vigdísar Hauksdóttur, um kostnað við lögfestingu samningsins. Hann svarar:

„Rétt er að geta þess að ekki hefur verið tekin ákvörðun um að lögfesta samninginn eins og gert hefur verið með mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, heldur lagt upp með að samningurinn verði fullgiltur í samræmi við það sem tíðkast með mannréttindasamninga almennt í íslenskum rétti.

Kostnaður við vinnu vegna þessa var áætlaður 10 millj. kr. í þingsályktuninni, en samkvæmt verkefnalýsingu hennar var fjármunum ætlað að **standa undir kostnaði við að þýða samninginn og greiða starfsmanni laun í eitt ár til þess að sinna undirbúningi lagabreytinga. Fjármunir fylgdu ekki þingsályktunartillögunni, en samkvæmt fyrirleggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013 hafa þeir verið tryggðir**, sbr. nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar á þingskjali 567. Innanríkisráðuneytið hagar nú undirbúningi verkefnisins með hliðsjón af því.

Með fullgildingu samningsins verður íslenskt regluverk í samræmi við ákvæði hans. Hvað varðar áhrif á útgjöld ríkis og sveitarfélaga í því sambandi mun það verða metið í tengslum við vinnslu fyrirhugaðs frumvarps. Ekki er hægt á þessu stigi að leggja mat á heildarkostnað vegna fyrirhugaðrar fullgildingar.“

6. mars 2013

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, leggur fram stjórnartillögu að áætlun í mannréttindamálum til fjögurra ára 2013-2016. Fyrst á blaði er

stofnun íslenskrar mannréttindastofnunar í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir 1. janúar 2014.

<https://www.althingi.is/altext/141/s/1150.html>

12. mars 2013

Velferðarráðherra leggur fyrir Alþingi skýrslu um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Í henni eru m.a. lagðar fram tillögur varðandi innleiðingu 33. greinar samningsins. Í skýrslunni segir;

„Ráðast þarf í talsverðar breytingar til að uppfylla að fullu skuldbindingar SRF. Þar mun reyna á víðtækt samstarf ráðuneyta, sveitarfélaga, fatlaðs fólks og hagsmunasamtaka þess. Þessar breytingar munu því að líkindum verða gerðar í áföngum og er nauðsynlegt að taka tillit til fámennis og viðamikilla verkefna íslenskrar stjórnarsýslu. **Tillögur starfshópsins miða því að útvíkkun og eflingu stjórnarsýslueininga sem fyrir eru, fremur en stofnun nýrra.**“

<https://www.althingi.is/altext/141/s/1229.html>

18. nóvember 2013

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, svarar fyrirspurn þingkonu Vinstri græn, Steinunnar Þóru Árnadóttur, um lögfestingu samningsins. Ráðherra segir:

„Unnið hefur verið að fullgildingu sáttmálans í samræmi við ályktun Alþingis frá árinu 2012 og sú vinna mun halda áfram. Á vettvangi samráðsnefndar Stjórnarráðsins, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka hefur verið unnið að fullgildingu sáttmálans á grundvelli frumgreininga sem kynntar voru í apríl 2013. Í því felst undirbúningur nauðsynlegra breytinga á regluverki sem lagðar yrðu fyrir Alþingi eftir því sem við á og þeirri vinnu vindur fram. Sérstaklega var þess getið að huga þyrfti að fjármögnun og framkvæmd á grundvelli endurbættis lagaramma. Þá liggur fyrir endurgerð þýðingar á sáttmálanum...

...Eins og áður segir hefur á grundvelli þingsályktunar Alþingis frá árinu 2012 verið unnið að greiningu á íslensku lagaumhverfi með tilliti til ákvæða sáttmálans. Niðurstöður þeirrar vinnu eru öllum aðgengilegar í greinargerð á heimasíðu innanríkisráðuneytisins á slóðinni www.irr.is/crpd. Þar kemur fram að fullgildingu sáttmálans krefst tiltekinna breytinga á íslenskum lögum. Í greinargerðinni segir:

„Á undanförunum árum hefur íslensku lagaumhverfi verið breytt í samræmi við ákvæði sáttmálans. Frumgreining hefur leitt í ljós að innlend lagagögn séu í samræmi við fjórtán af þrjátíu efnisgreinum sáttmálans sem kveða á um efnisréttindi fatlaðs fólks. Þá er lagaumhverfi að hluta til í samræmi við sjö efnisgreinar sem krefjast frekari breytinga. Eftir stendur að lögum þarf að breyta vegna níu greina sáttmálans svo fullgilda megji hann. Í sumum tilfellum er um að ræða viðkvæma málaflokka og því telur ráðuneytið að undirbúningur allra breytinga þurfi að eiga sér stað með víðtæku samstarfi og samráði við hagsmunaaðila og sérfræðinga.“

Í greinargerðinni má einnig sjá samanburð á ákvæðum sáttmálans við íslensk lög. Við greininguna hefur innanríkisráðuneytið átt náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga sem á fulltrúa í samráðshópi ráðuneytanna. Einnig

hefur verið haft samráð við fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Landssamtakanna Geðhjálpar sem komu á framfæri sjónarmiðum sínum.“

<https://www.althingi.is/altext/143/s/0212.html>

31. október 2014

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, svarar fyrirspurn þingkonu Vinstri græn, Steinunnar Þóru Árnadóttur um lagabreytingar til fullgildingar samningsins. Ráðherra svarar:

„Ekki hefur verið ráðist í breytingar á lögum eða reglugerðum. Frumvarp til laga um breytta hugtakanotkun verður lagt fyrir Alþingi í haust en það frumvarp er nú í umsagnarferli á vef innanríkisráðuneytisins. Unnið er að undirbúningi annarra breytinga á regluverki svo fullgilda megi sáttmálann og sú vinna stendur yfir bæði á vegum innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis. Löggjöf er varðar málefnasvið annarra ráðuneyta telst í samræmi við ákvæði samningsins. Samkvæmt fyrirleggjandi greiningu þarf að ráðast í lagabreytingar vegna 15 greina samningsins. Í samræmi við þingmálaskrá verður frumvarp til laga um breytta hugtakanotkun í löggjöf sem fyrr segir lagt fram á haustþingi 2014 en breytingar á lögræðislögum og breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga á vorþingi 2015. Þá felur fyrirhugað frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um innleiðingu mismunatilskipana Evrópusambandsins í sér breytingar sem nauðsynlegar eru vegna fullgildingarinnar. Að auki er unnið að undirbúningi frumvarpa varðandi 23. gr. samningsins og hluta 33. gr. samningsins og samráðsferli vegna 13. gr. samningsins er að hefjast í samstarfi innanríkisráðuneytis og Landssamtakanna Þroskahjálpar. Áætlað er að birta endurskoðaða greiningu á heimasíðu verkefnisins (www.irr.is/crpd) í lok október eftir að ráðuneyti og hagsmunaaðilar hafa yfirfarið hana.

Samkvæmt verkefnaáætlunum ráðuneyta ættu öll frumvörp sem leggja þarf fram vegna fullgildingarinnar að koma fyrir Alþingi vorið 2015. Þegar lagabreytingar hafa átt sér stað þarf utanríkisráðherra að leggja fram þingsályktunartillögu á Alþingi um fullgildingu samningsins.

<https://www.althingi.is/altext/143/s/0212.html>

6. október 2015

Hópur þingfólks í minnihluta, þ.á.m. tveir núverandi ráðherrar Vinstri græn, leggja fram þingsályktunartillögu um fullgildingu samningsins. Í greinargerð segir m.a.:

„Samningurinn er **fyrst og fremst jafnréttissamningur** sem á að tryggja fötluðu fólki jafna stöðu á við aðra. Mörg ákvæðin fela í sér skyldu ríkisins til þess að vinna að stöðugum framförum í málaflokknum, með öðrum orðum fela í sér viðvarandi verkefni við að virða, vernda og tryggja þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum. Með hliðsjón af þeirri staðreynd að mannréttindavernd er viðvarandi verkefni ber að líta til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks við skýringar á samningnum og greinum hans...

... Ákvæði 33. gr. kveður á um framkvæmd og eftirlit innan lands. Almennt er viðurkennt að ákvæði íslenskra laga eru ekki í samræmi við ákvæði greinarinnar. Þörf er á sjálfstæðri stofnun sem hefur eftirlit með réttindunum sem kveðið er á um í samningnum, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Að því sögðu skal hér tekið fram að þó svo að slíku kerfi hafi ekki verið komið á, kemur það ekki í veg fyrir fullgildingu samningsins. Skortur á uppbyggingu eftirlitsúrræða getur aldrei réttlætt seinkun á þátttöku Íslands í alþjóðlegu mannréttindastarfi. Í kjölfar fullgildingar skal unnið að því að koma á fót viðeigandi eftirlitsstofnun hér á landi.“

<https://www.althingi.is/altext/145/s/0183.html>

2. desember 2015

Eftir þriggja ára vinnu er stjórnarfrumvarp innanríkisráðherra, Ólafar Nordal, um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks samþykkt á Alþingi. Aðeins er um að ræða orðalagsbreytingar á öðrum lögum.

<https://www.althingi.is/altext/145/s/0157.html>

31. ágúst 2016

Velferðarnefnd leggur fram skýrslu um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá 6. október 2015. Hún segir:

„Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur 13. desember 2006 með ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 61/611. Hann var lagður fram til undirritunar 30. mars 2007 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Samningurinn tók svo gildi 3. maí 2008 þegar 20 ríki höfðu fullgilt hann. 11. júní 2012 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 43/140, um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014. Samkvæmt lið F.1 í III. kafla ályktunarinnar átti að leggja fram frumvarp til fullgildingar samningsins eigi síðar en á vorþingi 2013.

Nú er langt liðið á árið 2016 og enn hefur samningurinn ekki verið fullgiltur. **Nefndin telur óforsvaranlegt að svo langt hafi liðið frá samþykkt framangreindrar þingsályktunar án fullgildingar og lítur svo á að stjórnvöld hafi ekki staðið sig sem skyldi í þessum mikilvæga málaflokki.** Í ljósi þess að Alþingi hefur nú þegar samþykkt að fullgilda beri samninginn telur nefndin ekki þörf á að samþykkja þingsályktunartillögu þessa en beinir því til stjórnvalda að fullgilda samninginn án tafar og fylgja fullgildingunni eftir með lögfestingu hans, líkt og gert hefur verið með mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með lögum, sbr. lög nr. 19/2013.“

<https://www.althingi.is/altext/145/s/1611.html>

7. september 2016

Utanríkisráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, leggur stjórnartillögu um fullgildingu samningsins. Þar er bent á þörf fyrir frekari lagabreytingum s.s. frumvarp til laga um bann við mismunun í samræmi við 5. gr. samningsins og frumvarp til laga um sjálfstæða mannréttindastofnun. Í tillögunni segir m.a.:

„Með þingsályktun nr. 43/140, um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 (440. mál 140. löggjafarþings 2011–2012), ályktaði Alþingi að undirbúa skyldi fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um

réttindi fatlaðs fólks og stefna bæri að því að ljúka þeirri vinnu á árinu 2013. Skipa skyldi samstarfsnefnd ráðuneyta um undirbúning fullgildingar samningsins og áttu ráðuneytin að yfirfara gildandi löggjöf á sínum málefnasviðum með tilliti til þeirra skuldbindinga sem samningurinn felur í sér.

Innan stjórnarráðsins var umsjón með verkefninu hjá innanríkisráðuneyti en einstakir verkþættir á ábyrgð annarra ráðuneyta. Komið var á fót samráðsvettvangi stjórnarráðsins með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Leiddi greining á efni samningsins og lagaumhverfi í ljós að 17 ákvæði samningsins kölluðu á nánari skoðun eða lagabreytingar.

Undirbúningur fullgildingar hefur tekið lengri tíma en áætlað var vegna umfangs verkefnisins. Vinnan er nú hins vegar það langt komin innan ráðuneytanna að rétt þykir að leggja nú fram þingsályktunartillögu um fullgildingu samningsins. **Felst jafnframt í henni yfirlýsing Alþingis um að þeim lagafrumvörpum sem enn er eftir að samþykkja verði veitt brautargengi svo að þau mikilvægu réttindi fatlaðs fólks sem samningurinn verndar nái fram að ganga.**

Það er krafa samkvæmt samningnum að til staðar sé kerfi, sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til sjálfstæðra innlendra mannréttindastofnana, sem sinni eftirliti með framkvæmd hans. Innanríkisráðuneytið hefur unnið drög að frumvarpi um stofnun slíkrar sjálfstæðrar mannréttindastofnunar og er áætlað að það verði lagt fram á Alþingi haustið 2016.

<https://www.althingi.is/altext/145/s/1637.html>

16. september 2016

Utanríkismálanefnd birtir nefndarálit sitt á stjórnartillögu um fullgildingu samningsins. Til hliðsjónar hefur hún skýrslu velferðarnefndar frá 31. ágúst 2016. Í álitinu segir m.a.:

„Nefndin tekur undir með velferðarnefnd um að óforsvaranlegt sé að svo langt hafi liðið frá samþykkt framangreindrar þingsályktunar án fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og lítur svo á að stjórnvöld hafi ekki staðið sig sem skyldi í þessum mikilvæga málaflökki. Nefndin leggur áherslu á að í samþykkt tillögunnar felist jafnframt yfirlýsing Alþingis um að veita þeim lagafrumvörpum brautargengi sem enn er eftir að samþykkja svo að þau mikilvægu réttindi fatlaðs fólks sem samningurinn verndar nái fram að ganga.“

<https://www.althingi.is/altext/145/s/1670.html>

27. september 2016

Innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, leggur fram skýrslu um mannréttindi. Í henni segir m.a.:

„Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun var í fyrsta skipti gerð sú krafa að sjálfstæð mannréttindastofnun sé til staðar til að sinna eftirliti og er því ekki unnt að ljúka við fullgildingu samningsins fyrr en slík stofnun hefur verið sett á laggirnar. Má telja næsta víst að í þeim samningum

sem gerðir verða framvegis verði sambærileg krafa, þ.e. að slíkar innlendar stofnanir sinni eftirliti með framkvæmd mannréttindamála innanlands. Er það jafnframt í samræmi við þá áherslu sem undanfarið hefur verið lögð á að frumskylda til verndar mannréttindum hvíli á ríkjunum sjálfum og að eftirlit á alþjóðavettvangi skuli vera þeirri vernd til viðbótar. Á vettvangi Mannréttindadómstóls Evrópu og Evrópuráðsins hefur þetta verið skilgreint sem nálægðarreglan (e. principle of subsidiarity). Æskilegast væri að innlendri mannréttindastofnun yrði komið á fót sem fyrst og að hún heyrði undir þingið líkt og umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun. Með slíkri stofnun væri jafnframt skotið styrkum stoðum undir aðkomu þingsins að eftirliti með mannréttindamálum. Má þess og geta að Norðmenn samþykktu nýlega löggjöf um slíka stofnun.“

<https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1713.pdf>

24. maí 2017

Velferðarnefnd gefur út álit sitt vegna þingsályktunartillögu um stefnu og framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021. Þar segir:

„Meginforsendur og markmið tillögunnar eru að tryggja að fólk með fötlun, börn jafnt sem fullorðnir, geti lifað sjálfstæðu lífi með reisn. Mannréttindi verði að virða og leggja bann við aðgreiningu og mismunun á grundvelli fötlunar. Framkvæmdaáætlunin byggist á þremur lykilþáttum sem eru forsendur þjónustu við fatlað fólk, þ.e. fjármögnun, upplýsingasöfnun og upplýsingamiðlun. Þau stefnuatriði sem mörkuð eru í inngangi tillögunnar eiga við um allt fatlað fólk, óháð aldri búsetu, skerðingum o.fl., **enda er tillögunni ætlað að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í alla lagaumgjörð og framkvæmd.**

Fyrir nefndinni kom fram ábending um að í tillögu til þingsályktunar um þetta málefni sem lögð var fram til umsagnar á vef velferðarráðuneytisins 28. nóvember sl. hefði verið aðgerð sem ekki væri að finna í tillögunni sem hér er til umfjöllunar. Um er að ræða aðgerð til að skoða hvaða áhrif fjárveitingar til félags-, heilbrigðis- og menntamála hafa á líf fatlaðs fólks þannig að við fjárlagagerð verði ávallt skoðað hvernig fjárveitingar koma við fatlað fólk eins og gert er í kynjaðri fjárlagagerð með jafnrétti í huga. Umsagnaraðili telur mjög mikilvægt að þessari aðgerð sé haldið inni í áætluninni. Nefndin tekur undir þessa athugasemd og leggur til breytingartillögu þess efnis.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er það gert að kröfu að til staðar sé sjálfstæð innlend mannréttindastofnun (e. National Human Rights Institution). Drög að frumvarpi til laga um sjálfstæða mannréttindastofnun hafa verið birt á vef dómsmálaráðuneytisins. Slík mannréttindastofnun mundi uppfylla kröfur sem gerðar eru til slíkra stofnana í svokölluðum Parísarviðmiðum sem samþykkt voru á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1993. **Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að sett verði á fót slík sjálfstæð mannréttindastofnun sem hafi það hlutverk að efla og vernda mannréttindi hér á landi samkvæmt stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.**

<https://www.althingi.is/altext/146/s/0911.html>

31. maí 2017

Pingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 er samþykkt á Alþingi. Þar segir um meginmarkmið og forsendur hennar;

„Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Þannig megi tryggja að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, geti lífað sjálfstæðu lífi með reisn.

Lögð verði áhersla á mannréttindi og bann við mismunun á grundvelli fötlunar þannig að tryggt verði að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra og því tryggður stuðningur til að njóta þeirra réttinda.

Fatlað fólk njóti góðs af öllum almennum aðgerðum stjórnvalda, svo sem á sviði húsnæðis-, mennta-, trygginga- og atvinnumála.“

<https://www.althingi.is/altext/146/s/1000.html>

8. júní 2018

Allsherjar- og menntamálanefnd leggur fram álit sitt á stjórnvarfrumvarpi félagsmálaráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar, um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðerni. Hún leggur til breytingartillögu um útvíkkun laganna og ítrekar nauðsyn á sjálfstæðri mannréttindastofnun. Þar segir m.a.;

„Fyrir nefndinni kom ítrekað fram nauðsyn þess að komið verði á fót óháðri mannréttindastofnun. Þá hefur jafnframt verið lögð á það áhersla hjá Mannréttindadómstól Evrópu, ESB og Evrópudómstólum að jafnréttislöggjöf sé virk og að tryggð séu raunveruleg úrræði fyrir þá sem telja á sér brotið. Nefndin beinir því til stjórnvalda að hefja undirbúning þess að slíkri mannréttindastofnun verði komið á fót.

<https://www.althingi.is/altext/148/s/1179.html>

11. júní 2018

Alþingi samþykkir lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018. Í ákvæði til bráðabirgða segir;

„Ráðherra skal innan árs frá gildistöku laga þessara leggja fram á Alþingi frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögunum verði breytt þannig að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði.“

<https://www.althingi.is/altext/148/s/1257.html>

26. apríl 2018

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarndi stuðningsþarfir nr. 38/2018 samþykkt á Alþingi, með vísan til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Velferðarnefnd lagði mikla áherslu á að vísað yrði til hans og alþjóðlegra mannréttinsaskuldbindinga í markmiðsgrein laganna, svo að ljóst væri að stjórnvöldum beri að líta til samningsins og annarra alþjóðlegra

skuldbindinga við framkvæmd laganna, auk þess til að skerpa á því að um mannréttindi sé að ræða.

<https://www.althingi.is/altext/148/s/0873.html>

14. september 2018

Þingfólk úr öllum flokkum á Alþingi leggur fram þingsályktun um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í tillögunni segir m.a.;

„Þótt íslensk stjórnvöld séu með fullgildingu skuldbundin til að tryggja fötluðu fólki þau réttindi sem samningurinn mælir fyrir um er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarétti. Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi. Því er samkvæmt íslenskri réttarskipan ekki hægt að beita samningnum með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum, eins og hægt er að gera með almenn lög, nema hann hafi verið lögfestur.

Loks ber að geta þess að félags- og jafnréttismálaráðherra lagði fram stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021 á 146. löggjafarþingi 2016– 2017. Þar kom m.a. fram að kynna bæri mun betur samninginn um réttindi fatlaðs fólks ásamt fjölmörgum aðgerðum í þágu fatlaðs fólks. Samkvæmt þessari áætlun ber að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í alla lagaumgjörð og framkvæmd en eftir stendur þó lögfestingin sjálf sem hefur, eins og fyrr var lýst, mikla efnislega þýðingu varðandi beitingu samningsákvæðanna og þar með fyrir réttarstöðu og réttaröryggi fatlaðs fólks með tilliti til mannréttinda sem samningnum er ætlað að tryggja að það njóti. Flutningsmenn eru vongóðir um að þverpólísk samstaða myndist um að stíga skrefið til fulls og að samningurinn verði lögfestur.

Flutningsmenn telja að sömu rök um lögfestingu þessa alþjóðsamnings eigi við um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með því að lögfesta samninginn verður mannréttindum fatlaðs fólks veitt aukin vernd og réttaröryggi þess eykst. Fatlaður einstaklingur getur þá borið ákvæði samningsins fyrir sig sem ótvíræða réttarreglu fyrir dómi eða stjórnvöldum. Lögfesting mun vekja jafnt almenning og þá sem fjalla um málefni fatlaðs fólks fyrir dómstólum, í stjórnslu og við undirbúning að lagasetningu, til frekari vitundar um mannréttindi fatlaðs fólks og þá virðingu sem verður að ætlast til að þeim sé sýnd í réttarríki. Lögfesting samningsins um fatlað fólk mun og auka, á alþjóðavettvangi, traust á virðingu íslenska ríkisins fyrir mannréttindum fatlaðs fólks.

Samningurinn er fyrst og fremst jafnréttissamningur sem á að tryggja fötluðu fólki jafna stöðu á við aðra. Mörg ákvæðin fela í sér skyldu ríkisins til þess að vinna að stöðugum framförum í málaflokknum, með öðrum orðum fela í sér viðvarandi verkefni við að virða, vernda og tryggja þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum. Með hliðsjón af þeirri staðreynd að mannréttindavernd er viðvarandi verkefni ber að líta til nefndar Sameinuðu

Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks við skýringar á samningnum og greinum hans.

Flutningsmenn vekja athygli á því að í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er það gert að kröfu að til sé sjálfstæð innlend eftirlitsstofnun, sbr. 33. gr. samningsins. Drög að frumvarpi til laga um sjálfstæða mannréttindastofnun hafa verið birt á vef dómismálaráðuneytisins. Slík mannréttindastofnun þarf að uppfylla kröfur sem gerðar eru til slíkra stofnana í svokölluðum Parísarviðmiðum sem samþykkt voru á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1993. Flutningsmenn leggja áherslu á mikilvægi þess að sett verði á fót slík sjálfstæð mannréttindastofnun sem tekur til fleiri hópa en fatlaðs fólks en hafi það hlutverk að efla og vernda mannréttindi hér á landi samkvæmt stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

Þá leggja flutningsmenn áherslu á að valkvæður viðauki við samninginn verði einnig fullgiltur hér á landi en í honum er m.a. fjallað um kæruleið til eftirlitsnefndar fyrir einstaklinga og hópa sem hafa fullreynt leiðir innan lands. Nú hafa 92 ríki fullgilt valkvæða viðaukann en í september árið 2016 ályktaði Alþingi að valkvæði viðaukinn við samninginn yrði einnig fullgiltur fyrir árslok 2017.“

<https://www.althingi.is/altext/149/s/0021.html>

19. september 2019

Þingfólk í minnihluta leggur fram þingsályktunartillögu um heildarendurskoðun lögræðisлага vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Greinargerð með tillögunni kjarnar inntak 5. og 12. greinar samningsins um jafna viðurkenningu fyrir lögum og bann við mismunun.

<https://www.althingi.is/altext/149/s/0053.html>

3. júní 2019

Alþingi samþykkir svohljóðandi þingsályktun um lögfestingu samningsins;

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Frumvarp, sem feli í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að honum, verði lagt fram á Alþingi með það að markmiði að samningurinn verði lögfestur eigi síðar en 13. desember 2020.“

<https://www.althingi.is/altext/149/s/1690.html>

19. júní 2019

Alþingi samþykkir svohljóðandi þingsályktun um heildarendurskoðun lögræðisлага:

„Alþingi ályktar að heildarendurskoðun lögræðisлага, nr. [71/1997](#), skuli fara fram með það að markmiði að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á lögnum sem og á öðrum lögum, þar á meðal lögum um réttindi sjúklunga, nr. 74/1997, barnaverndarlögum, 80/2002, lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, og almennum hegningarlögum, nr. [19/1940](#). Alþingi samþykkir að kjósa til þess sérnefnd þingmanna skv. 32. gr. laga um þingsköp

Alþingis, nr. 55/1991. Í nefndina kjósi Alþingi þingmenn úr öllum þingflokkum sem sæti eiga á Alþingi og skuli nefndin hafa víðtækt samráð við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila við vinnu að endurskoðuninni, þar á meðal við samtök fatlaðs fólks. Nefndin hafi jafnframt samráð við dómsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið og skuli ráðuneytin vera nefndinni til ráðgjafar við mat á nauðsynlegum lagabreytingum. **Auk almennrar heildarendurskoðunar verði sérstaklega litið til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um:**

- a. afnám allrar mismununar gagnvart fólki með fötlun,
- b. rétt fatlaðra einstaklinga til þess að njóta lögformlegs hæfis til jafns við aðra,
- c. stuðning við ákvarðanatöku í stað staðgengilsákvarðanatöku,
- d. rétt fatlaðra einstaklinga til frelsis til jafns við aðra,
- e. afnám þvingandi meðferðar og lyfjameðferðar á grundvelli fötlunar og
- f. rétt fatlaðs fólks til viðeigandi aðlögunar.

Nefndin leggi fram frumvarp á grundvelli endurskoðunarinnar ásamt kostnaðargreiningu eigi síðar en við lok árs 2020. Nefndin leggi áherslu á að flýta eins og kostur er breytingum sem ætlað er að afnema ólögmetna mismunun gegn fötluðum og þeim sem sæta ýmiss konar þvingaðri meðferð, frelsissviptingu eða frelsisskerðingu og leggi fram frumvarp þar að lútandi svo fljótt sem auðið er. Forseti Alþingis tryggi nefndinni nauðsynlega aðstöðu og sérfræðiaðstoð til að sinna endurskoðuninni.

<https://www.althingi.is/altext/149/s/1925.html>

11. maí 2021

Alþingi samþykkir þingsályktun um nýja þýðingu á samningnum. Íslensk þýðing hans er þar með loks orðin fullnægjandi.

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1402.html>